

AUGLÝSING

um afgreiðslu Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Tónahvarf 12. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Kópavogs 10. júní 2025, með vísan til heimilda skipulagsfulltrúa skv. 3. tl. 3. gr. viðauka IV í samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1691/2024, breytingu á deiliskipulaginu Vatnsendahvarf – athafnasvæði, svæði 3 fyrir lóðina nr. 12 við Tónahvarf. Í breytingunni felst að heimilt verði að koma fyrir milliloftum á 1. hæð núverandi byggingar á lóðinni. Byggingarmagn eykst úr 3.355 m² í 3.760 m² og nýtingarhlutfall hækkar úr 0,63 í 0,71. Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 4. september 2025.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 18. september 2025